

---

**FUNDARGERÐ**

**Fundur:** Eldsneytishópur 2011-03  
**Fundartími:** Föstudagur 14. október 2011 kl. 09:30  
**Fundarstaður:** Orkustofnun, Grensásvegi 9

**Fundarefni:**

- 1) Gögn ársins 2010.
- 2) Almennar forsendur fyrir eldsneytisspá.
- 3) Önnur mál

---

Fundinn sátu:

Eldsneytishópur: Ágústa S. Loftsdóttir, Orkustofnun  
Birna Hallsdóttir, Umhverfisstofnun

Efla: Jón Vilhjálmsson

- 1) JV fór yfir eldsneytisnotkun ársins 2010. JV benti á að Steinolía væri óeðlilega mikil árið 2009 og sagðist ÁSL ekki hafa fengið neina leiðréttingu á því. Hann sagði einnig að öll notkun erlendra skipa væri skráð á erlend fiskiskip en þó nokkur hluti er örugglega skemmtiferðaskip og önnur skip. JV var falið að ræða þetta við Magnús. Skipting gasnotkunar niður á þætti hefur verið að breytast. ÁSL sagði að nú væru það tveir aðilar sem flyttu inn gas þar sem Olís væri farið að flytja inn gas sjálft. JV sagði að líklega væri Þörungaverksmiðja á Bíldudal farin að nota rafmagn í stað gass sem gæti skýrt minni notkun í iðnaði, BH ætlar að athuga þetta. Notkun kola og skautleyfa í iðnaði er sú sama 2010 og hún var 2009. BH ætlar að senda JV gögnin fyrir 2010. Vetni síðustu ár hefur væntanlega verið skráð í kg auk þess sem 0 er í grunninum fyrir árið 2007. ÁSL ætlar að athuga þetta.
- 2) Farið var yfir þá kafla í almennum forsendum sem skipta mestu máli varðandi eldsneytisspána en það eru kafla 3 Mannfjöldi, kafla 6 Fiskveiðar og fiskeldi og kafla 10 Vöru- og fólksflutningar. JV var búinn að setja inn ný gögn í þessa kafla. Nokkuð var rætt um þróun bifreiðareignar eftir aldri og kyni.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 7. nóvember eða fljótlega eftir það. JV ætlar að vera búinn að setja inn í líkanið nýjar tölur fyrir fundinn. Fundi slitið kl. 11:20.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Dreift var fyrir fundinn:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um eldsneytisnotkun 1991-2010
- Kafli 3 Mannfjöldi í Almennum forsendum
- Kafli 6 Fiskveiðar og fiskeldi í Almennum forsendum
- Kafli 10 Vöru- og fólksflutningar í Almennum forsendum

Verkefni frá þessum fundi:

Umsjón	Verkefni
Jón	Setja gögn inn í líkön
Jón	Athuga hjá Magnúsi með skráningu á olíusölu til erlendra skipa.
Birna	Kol í Sementsverksmiðjunni 2011 og gas í þörungaverksmiðjunni Bíldudal
Ágústa	Athuga með tölur um vetni